



HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN

Alþingi

Erindi nr. P 125/910

komudagur 7. 3. 2000

Sjávarútvegsnefnd Alþingis
c/o Nefndasvið Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Dags.: 3.3. 2000

Tilv.: D-61 JS/gp

Málefni: Tillaga til þingsályktunar um afnotarétt nytjastofna á Íslandsmiðum (172. mál) og frumvörp til laga um stjórn fiskveiða (mál 229, 230 og 249)

Vísað er í ofangreint málefni og beiðni um umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar á innihaldi mála 172, 229, 230 og 249 á 125. löggjafarþinginu (1999-2000).

Tillaga til þingsályktunar um afnotarétt nytjastofna á Íslandsmiðum, 172. mál:

Þar sem þingsályktunartillagan gerir í grundvallaratriðum ráð fyrir aflamarkskerfi í núverandi mynd með breyttu eignarhaldi, ætti takmörkun sóknar og fiskvernd að vera með svipuðum hætti og nú er. Hafrannsóknastofnunin sér því enga ástæðu til sérstakra athugasemda við tillöguna.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, þskj. 275-229. mál:

Lagt er til að tegundatilfærslur milli ára takmarkist við 2% aflaheimilda, enda dragist afli umfram aflamark yfirstandandi árs frá heimildum næsta árs.

Sem kunnugt er miðar Hafrannsóknastofnunin tillögur sínar yfirleitt við leyfilegan hámarksafila fyrir einstaka fiskistofna. Segja má að núgildandi heimildir til tegundatilfærslna hafi stuðlað nokkuð að því að afli hafi farið fram úr tillögum stofnunarinnar. Stofnunin getur því mælt með afnámi eða skerðingu slíkra heimilda. Jafnframt vekur Hafrannsóknastofnunin athygli á að of rúmar geymsluheimildir á milli ára geta leitt til ómarkvissrar veiðistjórnunar, þar eð örðugara kann að reynast að bregðast við snöggum breytingum á ástandi stofns en ella.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, þskj. 276-230. mál.

Tillaga þessi miðar að því að hafa áhrif á hvaða fiskiskip veiði útgefna aflaheimildir. Hafrannsóknastofnunin hefur ekki fram til þessa gert tillögur um skiptingu afla eftir skipastærð eða veiðarfæraflokki.

Heimilisfang:

Skúlagötu 4
Pósthólf 1390
121 Reykjavík

Sími:

552-0240
Póstfax:
562-3790

Heimasíða:

<http://www.hafro.is/>
hafro/sjalf.html

Tölvupóstfang:

librarian@hafro.is

HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, þskj. 305-249. mál.

Hafrannsóknastofnunin hefur engar athugasemdir fram að færa við umrætt frumvarp.

Fyrir hönd Hafrannsóknastofnunarinnar,

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Jóhann Sigurjónsson'. The signature is fluid and cursive, with the first name 'Jóhann' and the last name 'Sigurjónsson' clearly distinguishable.

Jóhann Sigurjónsson